

um frv. til l. um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndinni hafa borizt umsagnir um frv. frá þessum aðilum: Háskóla Íslands, stúdentaráði háskólans, Lyffræðingafélagi Íslands og forstöðumanni Lyfjaverzlunar ríkisins. Nefndin hefur athugað frv. og rætt það á nokkrum fundum svo og frv. til laga um stofnun prófessorsembættis við verkfræðideild Háskóla Íslands og starfrækslu rannsóknarstofu til geislamaelunga, og enn fremur frv. til laga um breyting á lögum nr. 16 12. marz 1947, um menntun kennara. Bæði þessi frv. fjalla að sínu leyti um málsatriði, er snerta Háskóla Íslands. Umsagnir um þau bárust frá Háskóla Íslands, stúdentaráði háskólans, forstöðumanni Lyfjaverzlunar ríkisins og einnig frá Sambandi ísl. barnakennara um hið síðarnefnda.

Að athuguðu máli ákvað nefndin að leggja til, að efni hinna tveggja síðarnefndu frv. yrði tekið upp í frv. til laga um Háskóla Íslands. Sýnist að því hagráði, enda þykir ekkert því til fyrirstöðu, að svo verði gert.

Einn nefndarmanna (FRV) var ekki viðstaddur, er málið var afgreitt.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja breytingartillögur við frv., en nefndin í heild leggur til, að það verði samþykkt með svofelldum

#### BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Aftan við 2. málslíð 3. mgr. bætist: enda þótt tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna hafi þá ekki tekið þátt í atkvæðagreiðslu.
2. Við 9. gr. 2. málslíður orðist svo:  
Viðskiptadeild skal verða sjálfstæð deild, þegar þrjú föst kennaraembætti hafa verið stofnuð í viðskiptafræðum.
3. Við 24. gr. Síðari málslíður 2. mgr. orðist svo:  
Enn fremur má í reglugerð kveða svo á, að heimilt sé að vika stúdent úr skóla vegna persónulegra ágalla eða alvarlegrar óreglu.
4. Við 30. gr. Í stað 2. málslíðar 1. mgr. komi:  
Er honum þá heimilt að þreyta prófið tvívegis að nýju. Milli prófa skal eigi líða lengri tími en eitt ár.
5. Við 40. gr.
  - a. Í stað „7“ í 4. tölulíð komi: 8.
  - b. Í stað „3“ í 5. tölulíð komi: 4.
6. Við 41. gr.
  - a. Fyrir „lyfsölufræði“ á tveim stöðum í greininni komi: lyfefnafræði.
  - b. Við greinina bætast þrjár nýjar málsgreinar, svofelldar:  
Prófessorinn í eðlisfræði er jafnframt forstöðumaður rannsóknarstofu til maelinga á geislavirkum efnum. Rannsóknarstofa þessi lýtur verkfræðideild, og skal setja ákvæði um starfsemi hennar í reglugerð Háskóla Íslands.  
Prófessorinn í uppeldisfræðum skal skipuleggja kennsluæfingar nemenda í uppeldisfræðum. Hann skal halda fyrirlestra fyrir starfandi kennara og efna til námskeiða fyrir þá. Auk þess skal hann annast rannsóknir og leiðbeiningarstörf í þágu uppeldismála landsins, eftir því sem kveðið verður á í reglugerð.  
Prófessorinn í forspjallsvísindum hefur á hendi kennslu í uppeldisfræðum, eftir því sem samrýmist störfum hans.
7. Við 43. gr. Greinin orðist svo:  
Við læknadeild skal stofna til kennslu í lyfefnafræði (pharmacia), og skal kveða á um námstillhögun í reglugerð.
8. Við 46. gr. Við greinina bætist:  
Lög nr. 16 12. marz 1947, um menntun kennara, 15. gr. — Í 20. gr. sömu laga falli niður orðin „við kennslustofnun“.

Alþingi, 8. maí 1957.

Sigurvin Einarsson,  
forn.

Friðjón Skarphéðinsson,  
fundaskr., frsm.

Gunnar Thoroddsen.

Sigurður Ó. Ólafsson.